

19. september 2018

### Tilkynning frá Aðföngum

Með hliðsjón af neytendavernd hefur System Frugt A/S í Danmörku, í samstarfi við Aðföng, ákveðið að taka úr sölu og innkalla *Delicata Brasilíuhnetur í 100 gramma pokum*.

Ástæða innköllunarinnar er sú að við reglubundið eftirlit greindist aflatoxin í hnetunum yfir mörkum.

Varan var til sölu í verslunum Bónus og Hagkaups á tímabilinu 9. ágúst til 19. september 2018.

#### Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: *Delicata Brasilíuhnetur*

Strikamerki: 5690350050647

Nettóþyngd: 100g

Best fyrir dagsetning: 30.04.2019

Sérstök athygli er vakin á því að innköllunin varðar eingöngu tilgreinda best fyrir dagsetningu.

Viðskiptavinum Bónus og Hagkaups sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. System Frugt A/S og Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

